

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 22. október 2019
UST201910-192/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Há- og lágspennustrengir - Kárastaðir að Haki.
Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram í framkvæmdarlýsingu á bls. 5 að leggja þurfi fjóra 11 kV háspennustrengi samtals 5,3 km að lengd. Einnig verða sett upp jarðspennustöðvar og tengiskápar. Ekki er fjallað sérstaklega um lágpennustrengi í framkvæmdarlýsingu. Fram kemur að jarðstrengir verða ýmist lagðir í gamla veki, göngustíga og meðfram númerandi vegum og að öllu fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi þegar verið raskað. Unnt er að plægja um helming leiðarinnar en grafar þarf niður strenginn á rúmlega 1 km leið og fræsa á um 1,6 km.

Fyrir liggur umsögn Þjóðgarðsvarðar um framkvæmdina þar sem ekki koma fram athugasemdir.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verðir tekin út að verki loknu og einnig ári eftir að framkvæmd lýkur þannig að tryggt ætti að vera að frágangur verði ásættanlegur. Fram kemur í greinargerð að alllar vinnuvélar sem notaðar verða skulu vera á breiðum beltum og að verkið verði unnið í þurru veðri þannig að spor eftir tæki ættu að verða í lágmarki. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að myndir í greinargerð eru margar hverja svo óskýrar að þar er ekki að finna frekari upplýsingar um framkvæmdina.

Virðingarfullst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur



Axel Benediktsson
sérfræðingur